

M. dís

**52. fundur haldin í sveitarstjórn Langanesbyggðar  
fimmtudaginn 29. október 2009 kl. 17:00 í félagsheimilinu Þórsveri.**

Mæt voru: Siggeir Stefánsson oddviti, Eyþór Jónsson, Nanna Steina Höskuldsdóttir, Sigurborg Hulda Sigurðardóttir, Hilma Steinarsdóttir Jóhanna Helgadóttir, Gunnólfur Lárusson og Björn G. Björnsson sem ritaði fundagerð á tölvu.  
Oddviti bauð fundamenn velkomna ,spurði hvort að einhverjar athugasemdir væru gerðar við fundaboðun,  
Engar athugasemdir voru gerðar við fundaboðun.

**DAGSKRÁ:**

**1. Fundargerðir nefnda og ráða.**

- a. Fundagerð sveitarstjórnar dags. 15.10.2009  
*Fundagerðin lögð fram til kynningar.*  
Til máls tóku:
  - b. Fundagerð USB dags. 26.10.2009  
*Í fundargerðinni undir lið 1. A leggur USB til að gjaldskráin verði kr.120 pr.m<sup>2</sup> með VSK. og lámarks leigustærð verður 12m<sup>2</sup> og gjaldið fylgir vísitölu neysluverðs.*  
**Gjaldskráin samþykkt samhljóða.**  
**Fundagerðin í heild sinni samþykkt samhljóða**  
Til máls tóku:NSH
  - c. Fundagerð Fræðslunefndar dags19.10.2009  
*Í liðnum til afgreiðslu liður 1.*  
*“Erindi frá leikskólastjóra um að ráða fastan afleysingakennara dags. 26/8 Ljóst er að nú er tímabundið álag vegna ungabarns sem tekið var inn á Leikskólann til að leysa vandamál Grunnskólans. Málið hlaut töluverða umræðu, málavextir liggja fyrir og nefndin ákvað að vísa málinu til sveitarstjórnar til afgreiðslu, Samþykkt samhljóða að hafna erindinu.*  
**Fundagerð samþykkt samhljóða**  
Til máls tóku: SHS.HS.SS,NSH
- Fundagerð Jónsmessunefndar dags 22.09.2009  
*Lögð fram til kynningar.*  
Til máls tóku:JH
- d. Fundagerð SÍS og aðila vinnumarkaðarins vegna stöðugleikasáttmálans dags 21.10.2009  
*Lögð fram til kynningar.*  
Til máls tóku:
  - e. Fundagerð Samráðsnefndar ríkis og sveitarfélaga um efnahagsmál

Jóhanna H.

dags 22.09.2009  
*Lögð fram til kynningar.*  
Til máls tóku:

f. Fundagerð Samráðsnefndar ríkis og sveitarfélaga um efnahagsmál  
dags 16.10.2009  
*Lögð fram til kynningar*  
Til máls tóku:

**2. Skýrsla sveitarstjóra.**

*Sveitarstjóri flutti skýrslu sína og svaraði fyrirspurnum fundarmanna.*

**3. Til kynningar**

a. Vegvísir.

*Lagt fram til kynningar.*

b. Bréf frá Samgönguráðuneytinu dags 21.10.2009

*Lagt fram til kynningar.*

**4. Gjaldskrá fyrir félagsheimilið Þórsver.**

Sveitarstjóri lagði fram tillögu sína að gjaldskrá fyrir Þórsver sem verður sett á heimasíðu Langanesbyggðar fljótlega

***Samþykkt samhljóða***

Til máls tóku:HS,SHS,JH,EJ

**5. Endurskoðuð fjárhagsáætlun (fyrri umræða)**

Eftir spurningar/svör og umræður var hún samþykkt samhljóða

Til máls tóku:Allir

**6. Umsókn um lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf.**

**Lánasamningur nr. 45/2009 milli Lánasjóðs sveitarfélaga og Langanesbyggðar.**  
*Sveitarstjórnin Langanesbyggðar samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. að fjárhæð 60.000.000,- kr. til 15 ára, í samræmi við samþykka skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Er lánið tekið til fjármögnunar á framkvæmdum við gatnagerð á Þórshöfn, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.*

*Jóhanna J.*

Jafnframt er Gunnólfi Lárussyni sveitarstjóra, kt. 150961-5569 veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Langanesbyggðar að undirrita lánessamning við Lánasjóð sveitarfélaga ohf. sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.  
**Samþykkt samhljóða**

Til máls tóku: Allir

Jafnframt óskaði sveitarstjóri eftir því að fá að taka lán allt að upphæð 40.000.000 í Sparisjóði Þórshafnar sem yrði síðan greitt upp með láninu frá lánasjóðnum þar sem fundur í Lánasjóðnum, verður ekki fyrir en 18. nóvember nk.

**Samþykkt samhljóða**

Til máls tóku:

Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða  
Fundu slitið kl: 19:02

Siggeir P.  
Jóhanna Skúladóttir  
Nanna Höskuldsdóttir  
Hilma Steinarsdóttir  
Eysteinn Árnir Jónsson  
Stúlka Steindóttir  
Sveinbjörnsson

Jóhanna H.  
JH